

Ed.

438. Nefndarátt

um frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur nú loks lagt þetta frv., sem vísað var til hennar í þingbyrjun, fyrir háttv. deild, ásamt tillögum sínum um það, og leyfir sjer að vænta þess, að hún verði eigi talin hafa legið á málinu að óþörfu, þegar þess er gætt, að hún hefir afgreitt frá sjer frv. um stofnun og slit hjúskapar, frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, hlutafjelagafrv., samvinnufjelagafrv., frumvörpin um lífeyrissjóði fyrir embættismenn og kennara, auk ýmsra annara smærri mála, og þar sem nefndarmennirnir sitja einnig í öðrum stórnefndum, sem hafa haft til meðferðar hin vandasömustu og flóknustu mál, er eigi hafa tekið upp skemri tíma fyrir þeim en mál þau, er allsherjarnefndin hefir fjallað um.

Um frv. þetta er það að segja, að það hefir fengið sama undirbúninginn og hin sífjafrumvörpin, er samið af sama manni og hefir verið lagt óbreytt af stjórninni fyrir þingiu 1919—1921, og eru hinar fróðlegu og ítarlegu athugasemdir höfundarins, sem hjer skal skírskotað til, prentaðar í Alþingistiðindunum 1919, A. I. bls. 337—346. Við samningu þess hafa gildandi lagaákvæði um sama efni í Danmörku, Noregi og Svíaríki verið höfð til hliðsjónar, hjer gildandi lagaákvæðum verið safnað á einn stað og nýjum verið bætt við, eftir því, sem við hefir þótt eiga. Frv. gerir engar stórvægilegar breytingar á núgildandi löggjöf um sama efni. Þó má benda á það, að í því eru nýjar reglur um það, hverjir og hversu megi vefengja, að börn sjeu skilgetin, og eru um þær tekin til fyrirmyndar sænsk lög frá 14. júní 1917. Þá er í 17. gr. þess ákvæði um það, að valdsmaður geti, eftir kröfu konu, sem skilin er samvistum við eiginmann sinn, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða algerðs hjónaskilnaðar sje fengið, bannað eiginmanninum að raska sameigninni, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Þá hefir 20. gr. þess og inni að halda ákvæði um það, hvort foreldra skuli ráða ráðstöfun viðvikjandi barni, er fjárframlagi veldur, sem ekki hefir áður verið hjer í lögum.

Loks er í 24. gr. algert nýmæli, þess efnis, að foreldrar geti ákveðið með erfðaskrá, að fara skuli með arf barns eftir þau sem fje þeirra, sem ófjarráða eru.

Ákvæði frv. ná að eins til afstöðu foreldra og barna meðan foreldrarnir eru eigi skilin að borði og sæng, eftir leyfisbrjeli eða að lögum. Sjeu foreldrarnir aðskildir, eru ákvæðin um afstöðu þeirra til barnanna að finna í frv. um stofnun og slit hjúskapar.

Við efni frv. hefir nefndin eigi fundið annað að athuga, er teljandi sje, en að henni virðist ekki áhorfsmál, að lengja tíma þann, sem heimta má greitt meðlag fyrir fyrirfram af hálfu þess hjóna, sem yfirgefið hefir hitt, án leyfis til aðskilnaðar að borði og sæng, eða valdið sémvistaslitum, til hins, frá einum mánuði upp í hálf á, svo samræmi komist á, að því er meðlag með börnun-

um snertir, þegar eins er ástatt, og kemur því fram með brtt. í þá átt við 3. málsgr. 15. gr. Mismunurinn á tímalengdinni myndi, að áliti nefndarinnar, valda of tíðum og óþörfum málarekstri.

Hinar aðrar breytingartillögur, sem nefndin leyfir sjer að stinga upp á, eru orðabreytingar, sem ekki skal fjölyrt um.

Nefndin leyfir sjer að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrrsögn 1. kap. verði:

Um það, hver börn sjeu skilgetin.

2. Við 1. gr.

Greinin orðist þannig:

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sje ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau sjeu skilgetin.

3. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Faðerni verður aðeins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann.

4. Við 3. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sje skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum varð kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi hjeraðsdómara, ekki fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.

Nú er eiginmaður sviftur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

5. Við 4. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarinalið innan 6 mánaða frá því, að hann fjekk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmanns, enda hafi eiginmaður ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

6. Við 5. gr.

a. Fyrri málsgr. orðist þannig:

Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann.

b. Fyrir orðið »ólögrátt« í síðari málsgr. komi:

ólögráða.

7. Við 6. gr.
Fyrir »að« í upphafi gr. komi:
af.
8. Við 7. gr.
 - a. Fyrir »bónda« í fyrri málsgr. komi:
eiginmanni.
 - b. Fyrir »bóndi« í síðari málsgr. komi:
eiginmaður.
9. Við 9. gr.
Fyrir »skilfengings foreldris gagnvart barninu« í niðurlagi gr. komi:
foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.
10. Við 10. gr.
 - a. Fyrir »hvoru fyrir sig« komi:
hvoru um sig.
 - b. Fyrir »börnin« komi:
þau.
11. Við 11. gr.
 - a. Fyrir »hvoru fyrir sig« í 1. málsgr. komi:
hvoru um sig.
 - b. Fyrir »temja« í 2. málsgr. komi:
innræta.
12. Við 12. gr.
Fyrir »maka sinn« komi:
eiginkonu sína eða eiginmann.
13. Við 13. gr.
 - a. Fyrir »Nú eru foreldrin vegna efnaskorts eigi fær« í 1. málsgr. komi:
Nú eru foreldrar vegna efnaskorts eigi færir.
 - b. Fyrir »foreldrin« í sömu málsgr. komi:
foreldrana.
14. Við 14. gr.
 - a. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru.
 - b. Á eftir »foreldris« í 2. málsgr. komi:
eða lögráðamanns.
15. Við 15. gr.
 - a. Fyrir »án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað« í 1. málsgr. komi:
án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið.
 - b. Fyrir »fyrir meðlagi« í sömu málsgr. komi:
um meðlag.
 - c. Fyrir »einn mánuð« í 3. málsgr. komi:
 $\frac{1}{2}$ ár.

16. Við 17. gr.
- a. Á undan orðinu »skilnaðar« í 1. málsgr. bætist:
leyfi til.
 - b. Fyrir »aflað« í sömu málsgr. komi:
fengið.
 - c. Fyrir »bónða« í sömu málsgr. komi:
eiginmanni.
 - d. Fyrir »bónði« í 2. málsgr. komi:
eiginmaður.
 - e. Fyrir »drengskaparskýrslu« í sömu málsgr. komi:
skýrslu að viðlögðum drengskap.
 - f. Þriðja málsgr. orðist þannig:
Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni
verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það
hann þá o. s. frv.
 - g. Fyrir »tefla« í 4. málsgr. komi:
ræða.
17. Við 18. gr.
- a. Fyrir »lögtak fyrir« í 3. málsgr. komi:
lögtak á.
 - b. Fyrir »í hjerlendum eignum foreldris« í niðurl. gr. komi:
í eignum foreldris hjer á landi.
18. Við 19. gr.
- Fyrri málsgr. orðist svo:
- Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum
sínun 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau
eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau.
19. Við 20. gr.
- a. Fyrir »Foreldri ráða bæði saman, sjeu þau« í 1. málsgr. komi:
Foreldrar ráða báðir saman, sjeu þeir.
 - b. Önnur málsgr. orðist þannig:
Nú greinir foreldra, sem eru samvistum, á um einhverja ráðstöfun
viðvíkjandi börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það
hjóanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni, eða framfærir
aðallega heimilið og gætir rjettar barnanna, að því leyti, er þá ráð-
stöfun snertir.
 - c. Fyrir »Foreldrin« í upphafi 4. málsgr. komi:
Foreldrar.
20. Við 21. gr.
- Fyrir »að leyfis hafi verið aflað« komi:
leyfi hafi verið fengið.
21. Við 22. gr.
- Fyrir »þeim manni til að hann« í 2. málsgr. komi:
þeim manni til þess að hann.
22. Við 24. gr.
- a. Fyrri málsgr. orðist þannig:
Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að

ælla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fje að fara, og geta foreldrar þá háðir saman, eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fje þeirra, sem ófjarráða eru.

b. Fyrir »þá valdsmaður« í 2. málsg. komi:
skiftaráðandi þá.

c. Fyrir »enda fer upp þaðan um meðferð fjárens sem um fje ófjarráðra« í sömu málsg. komi:

enda fer upp frá því um meðferð fjárens eins og fje þeirra, sem ófjarráða eru.

23. Við 25. gr.

Fyrir »að fela þykir mega honum« komi:

að óhætt þykir að fela honum.

24. Við 30. gr.

Fyrir »1. jan. 19...« komi:

1. janúar 1922.

Alþingi, 29. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson,
formaður.

Sig. Eggerz,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson,
ritari.